

**Efni: Fundur í umhverfisnefnd Belamerkurskóla miðvikudaginn
14. október kl. 10:00**

Mættir voru þeir fulltrúar sem valdir höfðu verið í þessa nefnd. Það eru Diðrik Kristjánsson 6. bekk, Bryndís Sóley Gunnarsdóttir 9. bekk, Sverrir Haraldsson húsvörður, Sesselja Ingólfssdóttir starfsmaður mótuneytis skólans, Unnar Eiríksson aðstoðarskólastjóri, Sigríður Guðmundsdóttir iðjuþjálfari og fulltrúi foreldra er Sigríður Svavarsdóttir Auðnum. Sigríður Guðmundsdóttir er formaður nefndarinnar og Unnar Eiríksson ritari.

Formaður setti fyrsta fund nefndarinnar og bauð fólk velkomið á fundinn. Formaður sagði frá því sem byrjað væri að gera í skólanum í sambandi við flokkun sorps. Keyptir voru endurvinnslukassar og eru þeir staðsettir á sjö stöðum í skólanum. Ef allt gengur upp stefnir skólinn að því að flagga Grænfánanum næsta vor. Kom fram í máli formanns að ekki væri byrjað að flokka lífrænan úrgang frá skólanum en þau mál væru í skoðun. Til þess að geta flaggað Grænfánanum þarf að fara svokölluð sjö skref.

Þau eru:

1. Að stofna umhverfisnefnd við skólann.
2. Mat á stöðu umhverfismála í skólanum.
3. Setja sér markmið – frekar fá og skýr.
4. Eftirlit og endurmat áætlunar.
5. Námenfisgerð og verkefni
6. Upplýsa aðra og fá aðra með.
7. Umhverfissáttmáli.

Það má lesa frekar um þessa flokka á heimasíðu Landverndar og á heimasíðu skólans. Þegar þessi sjö skref hafa verið stigin er hægt að sækja um að fá að flagga Grænfánanum. Með þessu verkefni fylgir gátlisti þar sem skoðað er hvar skólinn stendur. Hvað er í lagi og hvað þarf að skoða betur. Farið var yfir þennan lista og rætt um næstu skref okkar í verkefninu. Ætlunin er að taka kaflana *kynning og menntun, meðhöndlun á rusli og umgengni og nánasta umhverfi* sérstaklega fyrir í vetur.

Fleira ekki gjört og fundi slitið kl. 11:00.

Unnar Eiríksson fundarritari.